

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghella 1
221 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 1. nóvember 2022
UST202202-323/F.Æ.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5.10.2022 – Terra umhverfisþjónusta, Akureyri

Þann 5. október sl. fór fram eftirlit í spilliefna- og raftækjamóttöku Terra, umhverfisþjónustu á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram:

1. Skila ber öllum gögnum sem tilgreind eru í starfsleyfi.
2. Hættumerkingar vantar á kör sem spilliefnum er safnað í.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Mælingar á frárennslisvatni voru ekki framkvæmdar fyrir 1. október 2022.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Gögn sem átti að senda til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí 2021 og 1. maí 2022, hafa ekki borist.
3. Gr. 5.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi vegna árána 2020 og 2021 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Grænu bókhaldi árána 2020 og 2021 hefur verið skilað og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum nr. 1 og 2, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. nóvember 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur